

F-saga

Einn fallegan vordag fór _____ með leikskólanum sínum niður að tjörn til að skoða fuglana og gefa öndunum brauð. En þegar þau komu niður að tjörn var enga fugla að sjá neins staðar. Engar endur og engir svanir – og það var heldur enginn fuglasöngur frá trjánum í kring. Það var bara eins og allir fuglar væru allt í einu horfnir! Mikið var þetta leiðinlegt! Börnin þurftu að labba aftur til baka í leikskólann og voru mjög vonsvikin.

_____ var aftast. Allt í einu heyrði hún skrýtið hljóð í grasinu við hliðina á gangstéttinni: ”Rabbid, rabbid”. Hún varð mjög hissa þegar hún sá að þetta var froskur. Hún beygði sig niður til að skoða hann betur, en þá hoppaði froskurinn allt í einu upp á öxlina á henni og byrjaði að tala:

”_____, þú verður að hjálpa mér! Vondi galdrakarlinn breytti mér í frosk. Mér tókst að sleppa frá honum, en ég sá að hann gerði galdur til að stela öllum fuglunum. Við þurfum að fara til hans til að fá hann til að skila fuglunum aftur og breyta mér aftur í mann!”

_____ var furðu lostin yfir þessu, en var fljót að jafna sig. ”Feldu þig hérna í vasa mínum,” sagði hún við froskinn. ”Við getum farið af stað í fyrramálið”.

”Frábært,” sagði froskurinn og stökk niður í vasann.

Þegar _____ var kominn heim úr leikskólanum fengu hún og froskurinn tækifæri til að tala betur saman. Það kom í ljós að froskurinn hét Friðrik og var í raun og veru

prins frá Frakklandi. Galdrakarlinn hafði lagt á hann þau álög að hann myndi vera froskur þangað til prinsessa kyssti hann. En Friðrik vissi að það væri mjög ólíklegt að hann gæti fundið prinsessu sem vildi kyssa hann, svo að hann varð að reyna að fá galdrakarlinn til að skipta um skoðun.

Morguninn eftir vöknudu þau _____ og Friðrik fyrir allar aldir og flýttu sér af stað. Þau gengu lengi, lengi, yfir fjöll og firnindi, fyrir fjörur og flóa. Þau voru orðin þreytt og settust aðeins niður við litla tjörn til að hvíla sig og borða nestið sitt. Þá heyrðu þau allt í einu að einhver var að gráta í sefinu við tjörnina. Það kom í ljós að þetta var frokastelpa.

”Hvers vegna ert þú að gráta, frokastelpa?” spurði _____.

”Ég er prinsessa í álögum,” sagði frokastelpa. ”Vond norm breytti mér í frosk og sagði að ég gæti ekki losnað úr álögunum fyrr en alvöru prins kyssti mig! En það gerist örugglega aldrei, svo þess vegna er ég svo sorgmædd!”

_____ gat ekki stillt sig um að brosa þegar hún heyrði þetta. ”Nú, þá getum við slegið tvær flugur í einu höggi,” sagði hún. ”Hann Friðrik hérna er einmitt prins í álögum. Ef þið kyssið hvort annað, breytist þið bæði í ykkar réttu mynd!”

Það var ekki eftir neinu að bíða. Um leið og Friðrik og frokastelpa höfðu kysst hvort annað breyttust þau í prins og prinsessu. Það var líka greinilegt að þau voru strax orðin ástfangin!

”Þakka þér kærlega fyrir hjálpina, _____!” sagði prinsessan.

”Við Friðrik verðum að flýta okkur heim til Frakklands! En hérna færðu að launum galdrapoka. Þú getur tekið upp úr honum hvað sem þú þarft mest á að halda. Þannig ættirðu að geta sigrað galdrakarlinn!”

_____ þakkaði fyrir sig og kvaddi Friðrik vin sinn og prinsessuna. Síðan hélt hún för sinni áfram. Skömmu síðar kom hún að kastala galdrakarlsins.

_____ herti upp hugann og bankaði að dyrum. Eftir smástund kom galdrakarlinn til dyra. Það var nú sjón að sjá hann, því að hann var allur þakinn fugladriti og um leið og hann opnaði heyrðist mikill hávaði innan úr kastalanum. Það voru allir fuglarnir, sem görguðu, göluðu og skræktu því að þeir vildu komast burt.

”Hver ert þú,” sagði galdrakarlinn frekjulega, ”og hvað viltu?”

”Ég heiti _____ og ég vil að þú skilir öllum fuglunum aftur!”

”Hah, þessir fuglar eru reyndar ekki nærri því eins skemmtilegir og ég hélt,” sagði galdrakarlinn, ”en ég ætla samt ekki að sleppa þeim nema þú leysir fyrir mig þraut. Og ef þér tekst ekki að leysa hana ætla ég að breyta þér í frosk!”

”Hvaða þraut er það?” spurði _____.

”Þú átt að láta mig fá tíu hluti sem byrja á F – og það strax!”

”Ekkert mál!” sagði _____ og opnaði galdrapokann...

[Barnið gefur galdrakarlinum 10 hluti úr pokanum]

”Jæja, þá,” sagði galdrakarlinn öfluglega. ”Þá máttu fá fuglana. En nú veist örugglega ekki einu sinni hvað þeir heita!”

”Jú, ég þekki marga fugla,” svaraði _____ að bragði.

[Barnið nefnir fuglategundirnar á spjöldunum:

Mávur

Hrafn

Lundi

Lóa

Spói

Örn

Ugla

Önd

Svanur

Kría]

Galdrakarlinn var orðinn verulega geðvondur núna. Hann vissi nefnilega ekki nærri því eins mikið um fugla og _____.

”Nú nenni ég ekki að tala við þig lengur!” hreytti hann út úr sér. ”Bless, nú fer ég í bað!” Um leið og hann sagði þetta, dritaði mávur á hann. ”Aargh! Taktu þessa fugla með þér áður en ég breyti ykkur öllum í froska!” Svo strunsaði hann inn í kastalann og skellti á eftir sér.